

EYD-212

Heiti: Eldsneyti	Númer: 1	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
-------------------------	-----------------	-------------------	-------------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Jarðefnaeldsneyti er notað á vararafstöðvar og á ýmsar vinnuvélar, tæki, verkfæri og á bifreiðar. Yfirlit yfir stærð, staðsetningu eldsneytistanka og öryggisbúnað er að finna í leiðbeiningum um umhverfisstjórnun einstakra starfstöðva og í umhverfisstjórnun verkefna utan starfstöðva.

Birgjar (olíufélögin) sjá um að fylla á tanka og geyma.

Starfsmenn Landsvirkjunar dæla eldsneyti á tæki og bifreiðar úr olíutönkum.

Eldsneyti er einnig keypt á bensinstöðvum fyrir bifreiðar fyrirtækisins.

Umhverfisáhrif:

Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjaleg auðlind. Við brennslu jarðefnaeldsneytis myndast koltvíoxíð (CO₂) sem veldur gróðurhúsaáhrifum. Einnig myndast kolmónoxíð (CO) og svifryk sem eru hættuleg heilsu fólks. Þá myndast SO₂ og NO_x sem valda súru regni og óson myndast þegar NO_x og HC hvarfast fyrir tilstilli sólarljóss.

Í jarðefnaeldsneytinu eru eitruð efni (t.d. BTEX efni) sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum berist þau út í umhverfið.

Berist jarðefnaeldsneyti í viðtaka fráveituvatns hefur hún eituráhrif á lífríki í viðtakanum og veldur einnig sjónrænni mengun. Berist jarðefnaeldsneyti í jarðveg veldur slíkt aðallega staðbundinni jarðvegsmengun en hluti eldsneytisins getur borist niður í grunnvatn. Einnig getur eldsneytið borist frá jarðvegi út í ár eða læki.

Umhverfisáhætta:

Hætta er á að eldsneyti hellist niður við áfyllingu á tanka, vélar og bora. Leki getur einnig átt sér stað vegna bilunar, ákeyrslu eða skorts á viðhaldi á vélum og farartækjum og einnig vegna ónógs eftirlits og viðhalds á birgðatönkum.

Fyrirbyggjandi stýring:

Tryggt er að eldsneytistankar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð þar um. Til að lágmarka áhættu á ákeyrslu og skemmdum á tönkum eru þeir sömuleiðis staðsettir og varðir þannig að hætta sé óveruleg.

Birgjar tryggja að eldsneyti sem afhent er innihaldi ekki meira brennisteinsmagn en kveðið er á um í reglugerð og að bílstjórar þeirra hafi ADR réttindi til slíkra flutninga. Eldsneytistankar eiga að uppfylla tilskyldar kröfur skv. reglugerð þar um. ADR réttindi þarf ef flutt er meira magn en 400 l af bensíni eða 1000 l af díselolíu.

Landsvirkjun hefur sett sér markmið um að minnka gróðurhúsaáhrif og er stefnt að minni notkun eldsneytis til að ná því markmiði. Stýring til að ná því markmiði felur m.a. í sér að velja bifreiðar og ökutæki sem uppfylla EU-3 staðla.

Vöktun:

Vöktun á olíuskiljum og öðrum öryggisbúnaði er lýst í leiðbeiningum um umhverfisstjórnun einstakra

starfstöðva sem og í umhverfisstjórnun verkefna utan starfsstöðva eins og við á.

Yfirlit yfir notkun jarðefnaeldsneytis er skráð í grænt bókhald (GB) og losun til andrúmsloftsins reiknuð út frá því.

Ástæða flokkunar:

Notkun og meðhöndlun jarðefnaeldsneytis flokkast sem A umhverfisþáttur þ.e. sem þýðingarmikill umhverfisþáttur. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind, brennsla þess veldur auknum gróðurhúsaáhrifum og notkun þess hjá fyrirtækisinu er töluverð. Einnig getur skortur á stýringu leitt til alvarlegra áhrifa á umhverfið. Gerðar eru kröfur í lögum og reglugerðum um meðhöndlun og geymslu jarðefnaeldsneytis og takmörkun á losun þess út í umhverfið.

Þá hefur Ísland fullgilt rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar og Kyoto-bókunina við þann samning og einnig hafa verið sett þjóðarmarkmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og takmarka notkun jarðefnaeldsneytis.

Landsvirkjun hefur undirritað yfirlýsingu GROCC (Global Round Table on Global Change) um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og upplýsa um losun frá eigin starfsemi.